

Sp.

91. Tillaga til þingsályktunar

[82. mál]

um atvinnu- og framkvæmdaáætlanir fyrir Austurlandskjördæmi.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Páll Þorsteinsson, Sverrir Hermannsson,
Helgi F. Seljan, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

1. að láta gera atvinnumálaáætlun fyrir Austurlandskjördæmi;
2. að láta undirbúa áætlun til langs tíma um opinberar framkvæmdir í Austurlandskjördæmi.

Verk þessi verði unnin í náinni samvinnu við Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi.

Greinargerð.

Um meginhluta Austurlands hafa átt sér stað miklar sviptingar í atvinnulífinu á liðnum árum. Afli þeirra fiska, sem nú eru kenndir við bol sinn, hefur verið nokkuð sveiflukenndur. Síldarævintýrið olli umróti. Með hröðum viðbrögðum tókst víðast að efla atvinnulífið á ný, þegar síldin hvarf. Mikil skipakaup eru nú á döf-inni. Í landbúnaði hafa einnig skipzt á skin og skúrir: Fjárpestir og harðindi með grasbresti hafa valdið stórtjóni og átt þátt í grisjun byggðar. Leitað er úrræða til að snúa vörn í sókn. Flest iðnfyrirtæki eru ung, öll meira eða minna vanbúin að húsa-kosti og tækjum og skortir bæði framkvæmda- og rekstrarfé.

Á Austurlandi eru 35 sveitarfélög, en 13 þéttbýlisstaðir. Aðeins eitt kauptún stendur inni í landi. Hin dreifast um strandlengjuna frá Bakkafirði til Hafnar í Hornafirði.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja nauðsynlegt að vinna skipulega að atvinnuuppbyggingunni á þessu víðlenda og sundurskorna svæði. Ber hvort tveggja til: Fram undan eru stór verkefni á nær öllum sviðum atvinnulífsins, mörg brýn og flest æði fjárfrek. Og það skiptir höfuðmáli, að þróunin verði sem jöfnust, svo að byggð eflist um allt kjördæmið. Verður að stuðla að því, að samstarf og eðlileg verkaskipting geti tekizt milli hinna einstöku byggðarlaga um atvinnumálin.

Sama gildir vitanlega um opinberar framkvæmdir. Með bættum samgöngum treystast tengsl með sveitum og þéttbýli og milli þéttbýlissvæðanna sjálfra. Þar sem áður voru einangraðir staðir, verður nú tenging, sem skiptir sköpum. Nauðsynlegt er að viðurkenna þetta í reynd og skipuleggja einnig opinberar framkvæmdir til langs tíma með heildarhagsmuni Austurlands fyrir augum. En til þess að byggð nái að þróast eðlilega, þarf að efla margvíslega þjónustustarfsemi: í heilbrigðismálum, skólamálum, málefnum aldraðra og fjölmörgum öðrum greinum.

Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi hefur þegar starfað um alllangt skeið, hin síðari ár með framkvæmdastjóra, sem hefur aðsetur og skrifstofu á Egilsstöðum. Virðist einsætt, að áætlanir þær, sem hér um ræðir, yrðu unnar af fulltrúum ríkisvaldsins og samtökum sveitarfélaganna í sameiningu.